

Nd.

634. Tillaga

til þingsályktunar um húsaleigustyrk úr rikissjóði handa gagnfræðaskólum.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Jóhann P. Jósefsson, Guðbrandur Ísberg,
Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að greiða gagnfræðaskólum landsins húsaleigustyrk, sem nemi $\frac{2}{5}$ sanngjarnrar húsaleigu eftir það húsnæði, er þeir nota, unz komið hefir verið upp húsnæði fyrir þá með tilskildum styrk úr rikissjóði.

Greinargerð.

Gagnfræðaskólarnir í landinu eru nær allir húsnæðislausir og verða að bjargast við ófullkomin leigð húsakynni, sem þó kosta ærið fé. Má gera ráð fyrir því, að svo verði áfram, með því að rikissjóður mun ekki vera talinn við því búinn að leggja fram tilskilið fé ($\frac{2}{5}$ hluta) til gagnfræðaskólabygginga. Á meðan svo er virðist sanngjarnt, að rikissjóður leggi fram húsaleigustyrk í sömu hlutföllum.